

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2002 þriðjudaginn 3. desember kl. 1.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 7. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sænes ehf Stórasvæði 8 Grenivík óskar eftir umsögn byggingarnefndar á tillöguteikningu frá Ópus teikni- & verkfræðistofu, um breytta notkun og innréttingu fyrir lyfjaframleiðslu að Lundsbraut 2 Grenivík.

Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið, en endanlegri afgreiðslu frestað þar til fullnaðarteikningar liggja fyrir og umsagnir aðila er málið varðar.

2. Í framhaldi af erindi nr. 1 á fundi 15. okt. s.l. um flutning á húsi frá Nolli, er sett hefur verið niður á lóð nr. 7 við Lækjarvelli á Grenivík, eru nú fyrirbyggjandi fullunnar teikningar af innréttingu á húsinu frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf og samþykkir byggingarnefnd þær.

3. Benedikt Sveinsson Ártúni Grýtubakkahrepp sækir um leyfi fyrir byggingu sólskála við íbúðarhús sitt að Ártúni samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni- & verkfræðistofu verk nr. 021004.

Samþykkt.

4. Elísabet Á. Árnadóttir sækir um leyfi fyrir byggingu frístundahúss f.h. dætra sinna, sem eru þinglýstir handhafar lóðar í landi Meyjarhóls. Meðfylgjandi teikningar eru eftir Kristján Þórarinsson, dags. 25.8.2002 og einnig liggur fyrir samþykki frá Skipulagsstofnun.

Samþykkt.

5. Sveitarstjórn Hörgárbyggðar sækir um leyfi til að rífa þinghúsið á Þverá í Öxnadal, en húsið hefur staðið ónotað um árabíl. Vegna nálægðar við þjóðveg nr. 1 hefur Vegagerð ríkisins áhuga á að kaupa húsið til niðurrifs eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Í framhaldi af erindi nr. 92 á fundi í byggingarnefnd vestursvæði, eru nú lagðar fram nýjar teikningar af breytingum og endurbótum á félagsheimilinu að Melum í Hörgárdal. Á þeim kemur fram að ákveðið hefur verið að ráðast í umtalsvert meiri breytingar og endurbætur á húsinu, en fyrri teikningar gerðu ráð fyrir.

Slökkviliðsstjóri og heilbrigðisfulltrúi hafa afgreitt teikningarnar athugasemdalaust og byggingarnefnd samþykkir þær fyrir sitt leyti.

7. Frá Þórði Þórðarsyni Hvammi Arnarneshrepp hafa borist nýjar og breyttar teikningar af innréttingu á hlöðu og eldra fjósi, en erindi um breytingar voru afgreiddar á fundi 15. okt. erindi nr. 2 og 5. nóv. erindi nr. 5. Nýjar teikningarnar sýna að haughús er undir hluta af innréttuðu rými í hlöðunni, sem ekki var á eldri teikningum og viðbygging er felld niður.

Byggingarnefnd fellst á að unnið verði eftir framlagðri teikningu, en telur að hefði mátt gera þessar breytingar á einfaldari hátt heldur en teikningar sýna.

8. Byggingarfulltrúi lagði fyrir fjárhagsáætlun byggingarfulltrúaembættisins fyrir árið 2003, sem barst frá framkvæmdarstjóra Héraðsnefndar. Tölverðar umræður urðu um rekstur embættisins og aukin störf byggingarnefndar og byggingarfulltrúa. Ekki voru gerðar tillögur um breytingar á áætlunni að svo stöddu, en formanni nefndarinnar og byggingarfulltrúa falin frekari yfirferð og að óska eftir viðræðum við Héraðsráð um breytingar ef niðurstaðan gæfi tilefni til.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl. 3.45 síðdegis.

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson

Hermann Jónsson
Jósavin Gunnarsson